# Sögur af menntarýmum (SAM)

## Hönnun, tilhögun og notkun menntarýma í fortíð, samtíð og mögulegri framtíð

## Lýsing á verkfæri

SAM er samskiptatól til nota við þróun skóla. Verkfærið kveikir vitund um gæði og takmörk áþreifanlegs umhverfis til náms og kennslu með því að vekja samræður um fortíðar-, samtíma- og framtíðarnotkun á völdum stöðum í skólanum.

Þegar unnið er með tólið eru vel þokkaðir og/eða áhugaverðir staðir í skólanum valdir, kannaðir og þróaðir frekar á grundvelli með þekkingu, ímyndunarafl og sögugerð að vopni.

Tólið getur skilað aukinni vitund um áþreifanlegt umhverfi og þýðingu þess hvað snertir velferð og notkun til menntunar. Jafnframt getur það ýtt undir vitund um sameiginlega aðild að staðnum. Tólið má nota fyrir minni háttar breytingar eða þróun á rýmum sem framkvæmd eru á eigin forsendum eða sem forleik að smærri og stærri endurhönnunarverkefnum með utanaðkomandi aðilum.

Verkfærið hentar sérlega vel til að skapa umræður um rými í hópi kennara, nemenda, skóla-stjórnenda og arkitekta í vinnusmiðjum þar sem gert er ráð fyrir þátttöku þvert á þessa hópa.




Dæmi um Padlet-síðu.

## Leiðbeiningar um notkun

Verkfærið á að nota í smiðju með 4 til 20 þátttakendum sem skipt er í teymi með tveimur til fjórum þátttakendum. Áætlaður tími til verka er 1½ klukkustund. Búa þarf til fyrir hvert teymi áður en smiðjunni er ýtt úr vör Padlet-síðu* með fjórum dálkum með yfirskriftunum *Fortíð, Samtíð, Framtíð* og *Annað*. Hvert teymi þarf að vera með snjallsíma eða spjaldtölvu til afnota.

**1. Stutt fyrirmæli** með dæmum um hvernig segja má sögur um fortíðar-, samtíðar- og framtíðarnotkun og fyrirkomulag á menntarýmunum. Hópnum er skipt í tveggja til fjögurra manna teymi og hvert teymi fær slóð og lykilorð að forhannaðri Padlet-síðu.

**2. Takið upp eða skrifið sögur** í teymunum. Teymin eru beðin að velja og heimsækja einn til þrjá staði í skólanum, lýsa samtímanotkun rýmanna og segja eða spinna sögur um notkun á staðnum í fortíð og mögulegri framtíð (sjá lýsingu á ferli). Sögunum er bætt við Padlet-síðu teymisins sem í hlut á ásamt ljósmyndum, teikningum og öðru efni sem þýðingu hefur fyrir umfjöllunina.

**3. Sögum deilt** með öllum hópnum. Hvert teymi kynnir efnið um sitt rými, les sögurnar hátt og sýnir ljósmyndir og teikningar með því að varpa Padlet-síðunni upp á tjald eða stóran skjá. Á eftir hverri kynningu er gefinn tími fyrir spurningar, athugasemdir og umræður.

* Einnig er mögulegt að prenta út og nota vinnublað af CoReD-vefnum.







## Leiðbeiningar um hvernig nota á niðurstöðurnar

Allar Padlet-síðurnar eru vistaðar stafrænt og þar má setja inn athugasemdir frá þriðja hluta ferlisins til viðbótar því sem fyrir var. Sögur sem lesnar eru upp má taka upp eða slá inn í ritvinnsluskjal. Þá er búið til sérstakt skjal með helstu niðurstöðum. Í framhaldi má afhenda skjalið hönnuðum svo haldið sé til haga hugmyndum tengdum mikilvægum atriðum frá fyrri tíð og þær þróaðar frekar, hvort sem unnið er að nýrri byggingu eða endurnýjun bygginga.

Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union